

2. gr.

4. gr., e-staflíður hljóði svo:
- „e. Lyf í ATC-flokki A 14 A (vefaukandi lyf) skulu merkt E,O og lyf í flokki V 06 D (önnur næringarlyf) skulu merkt L,E,O í lyfjaverðskrá og greiðast samkv. ákvæðum 3. gr., enda framvísi sjúklingur lyfjaskírteini útgefna af trúnaðarlækni samlags. Sé lyfjaskírteini ekki fyrir hendi tekur samlag ekki þátt í greiðslu lyfsins.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar ásamt síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. desember 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um fyrstu breytingu á reglugerð um notkun og bann við notkun tiltekinnna eitrefna og hættulegra efna nr. 137/1987.

1. gr.

Við 5. gr. bætist ný svohljóðandi málsgrein:

„Heimilt er þó að selja á almennum markaði varning til málningar eða lökkunar eða til fjarlægingar á málningu eða lakki, er inniheldur allt að því 1 l af díklórmetani (metýlendíklóríði), ef í varninginum eru einnig efni, er draga úr uppgufun díklórmetans. Heimild þessi tekur einnig til sölu varnings, sem seldur er í úðabrusum, ef á brúsunum er getið innihaldsefna og rækilegar leiðbeiningar eru um notkun og varnaðarorð.“

2. gr.

Við reglugerðina bætist ný grein, er verður 22. gr. og hljóðar svo:

„Ræsivökvi.

22. gr.

Heimilt er að selja á almennum markaði ræsivökva á vélar í úðabrusum, er innihalda etra (díetýletra), ef brúsarnir rúma mest 200 ml og getið er innihaldsefna, varúðarreglna og leiðbeiningar um notkun eru á íslensku á brúsunum. Önnur efni má ekki nefna ræsivökva og selja á almennum markaði.“

3. gr.

22. gr. reglugerðarinnar verður 23. gr. og 23. gr. verður 24. gr.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 16. gr. laga um eitrefni og hættuleg efni og öðlast gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. desember 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Ingolf J. Petersen.